

1863.

Athugasemdir:

1. Skipið fer aldreið fyrri á stað, en þá daga, sem að ofan er greint.
2. Póstbréfin frá Íslandi til Kaupmannahafnar verða að vera svo snemma tilbúin, að þau verði send á stað úr Reykjavík þá daga, sem að ofan er til tekið.
3. Flutningur þeirra bréfa, sem kynnu verða send með gufu-póstskipinu á ferð þess frá Reykjavík til Liverpool, er stjórninni óviðkomandi.

13. febrúarm. **7. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um prestvígslu manna, sem eigi eru orðnir fullmyndugir.**

Með bréfi 25. nóvembermánaðar f. á. senduð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, stjórnarráðinu bænarskrá frá Eyólfi Jónssyni, kandiðat frá prestaskólanum í Reykjavík, um aldursleyfi til að mega prestvígjast og fá embætti í hinni andlegu stétt jafnskjótt og hann væri orðinn 22 ára að aldri, en þá er hann sótti um þetta hafði hann einn um tvítugt; gátuð þér þess, að þér reyndar ekki gætuð mælt fram með, að bænarskránni væri áheyrsla veitt, að því leyti sem farið er fram á í henni, að leyfi þetta verði veitt beiðandanum undir eins og hann er orðinn 22 ára gamall, en á hinn bóginn stunguð þér upp á, að sökum þess, hve sérstaklega hagar til, verði stiptamtmaninum yfir Íslandi veitt almennt vald til að veita kandiðötum frá prestaskólanum, eptir samkomulagi við biskupinn, aldursleyfi til að verða prestar á Íslandi, þegar þeir að minnsta kosti eru orðnir 23 ára að aldri, og þeir að öðru leyti hafa sýnt það með lærdómsprófum þeim, er þeir hafa gengið undir, og öðru háttalagi sínu, að þeir seú hæfir til að takast prestsembætti á hendur.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, að aldursleyfi það, sem Eyólfur Jónsson hefir um sótt, verður eigi veitt, og að stjórnarráðinu ekki þykir næg ástæða til að bera fram fyrir konung þegnlega uppástungu um, að stiptamtmanni seú veitt almennt vald, svo sem að ofan er getið, til að leysa menn frá boði laganna

um þann aldur, er útheimtist til að geta fengið prestvígslu og orðið andlegar stöttar embættismaður á Íslandi. 13. febrúarm.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns og biskups á Íslandi, um eignir spítalanna og tekjur þeirra. 14. febrúarm.

Í bréfi 22. septemberm. f. á. hafið þér, háæruverðugi herra, eptir tilhlutun stjórnarráðsins í bréfi 9. maím. 1859, lýst yfir áliti yðar um tilhögun á fè spítalanna og um heimtingu á tekjum þeirra, og senduð þér með því bréfi tvö bréf, annað frá stiptamtmannum yfir Íslandi, en hitt frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, bæði þess efnis, að í aðalatriðunum skuli farið eptir gildandi lögum viðvíkjandi tekjum spítalanna; en þér stingið upp á, að allt þetta málefni um spítalana verði fyrst um sinn látið við svo búið standa, og eigi gjört út um það að fullu og öllu fyrri en búið sè að skipa fyrir um breytingar þær, er kunni að vera fyrirhugaðar á landstjórninni á Íslandi, sem mál-efni þetta heyrir undir.

En eptir áliti stjórnarráðsins væri þessi aðferð eigi hagkvæm, þar sem alþingi hvað eptir annað hefir farið fram á, að betri tilhögun verði komið á málefni þetta, og með því líkindi eru til, að aðalorsökin til, að alþingi hvað eptir annað hefir sent bænarskrá um þetta efni sè sú, hvernig farið er að í suðurumdæminu um heimtingu og sölu hinna svo kölluðu hópítalshluta, og að eigi er farið eptir spítalatilskipuninni 27. maím. 1746, þá minnir stjórnarráðið yður á bréf sitt til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, dagsett 10. júním. 1851, og biður yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að skýra sér hið bráðasta frá, hverjar ráðstafanir hafi gjörðar verið eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi þessu, og ef ekkert hefir gjört verið, þá að senda hingað álit yðar og uppástungur um hagkvæmari tilhögun á heimtingu og sölu á spítahlutum í suðurumdæminu.